



Reykjavík, 4. febrúar 2021

R20080076

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Furugerði 23 – deiliskipulag***

Á fundi borgarstjórnar þann 2. febrúar 2021 var 1. liður fundargerðar borgarráðs frá 21. janúar; Furugerði 23 - deiliskipulag, samþykktur með tólf atkvæðum Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins..

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér stendur til að byggja upp 30 íbúðir á lóð sem liggur að Bústaðavegi og lengi hefur staðið til að byggja upp. Við styðjum uppbyggingu á reitnum sem er í anda stefnu aðalskipulags um þéttingu byggðar. Svæðið liggur vel við hjóla- og almenningssamgöngum. Hægt er að uppfylla viðmiðunargildi fyrir hljóðstig með mótvægisáðgerðum. Vegna bílastæðaáþendinga er rétt að taka fram að nú er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir allar íbúðir í kjallara en búið er AÐ gera uppdrátt bílastæða og djúpgáma leiðbeinandi til að gera uppbyggingaraðila kleift að koma gestastæðum fyrir á lóð. Tekið er undir og þakkað fyrir áþendingar íbúa um nauðsyn þess að bæta aðgengi hjólandi og gangandi að götunni sem um ræðir.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fram kom mikil andstaða frá íbúum eftir auglýsingu skipulags við Furugerði. Uppbyggingin mun auka umferð og hraðakstur í hverfinu og því getur Sjálfstæðisflokkurinn í borgarstjórn ekki stutt málið.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Sósíalista er ánægður með hversu mikið tillit hefur verið tekið til athugasemda nágranna en á samt erfitt með að samþykkja þessa uppbyggingu vegna andstöðu margra nágranna og vegna þess að þessi uppbygging er ekki til þess að mæta húsnæðisþörf þeirra sem mest þurfa á henni að halda.

Borgarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúar í Furugerði og íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis hafa miklar áhyggjur af framvindu uppbyggingaráforma við Furugerði. Íbúar eru hræddir um skemmdir á húsum sínum þegar farið verður að sprengja fyrir bílakjallara því grunnt er niður á klöpp. Einnig hafa íbúar miklar áhyggjur af skorti á bílastæðum því nú þegar er takmarkað magn bílastæða og einnig eru áhyggjur af hljóðvist. Íbúaráðið bendir á fleiri þætti, s.s. að takmarkað pláss er fyrir gangstéttir og að þröngt verði um bíla. Aðaláhyggjurnar eru þó þær að byggingarmagnið á reitnum verði alltof mikið og stendur til að margfalda það miðað við fyrirliggjandi aðalskipulag. Íbúaráðið bendir á að „í B-hluta aðalskipulags 2010-2030 kemur fram um þennan reit: „ÍB33 Gerði-vestur. Svæðið er að mestu fullbyggt og fastmótað.“ Gangi þessi uppbyggingaráform eftir þrengir þetta enn frekar að umferð um Bústaðaveg og engin áform eru um þverun hans með undirgöngum eða göngubrúm.



Helga Björk Laxdal  
e.u.